



Reykjavík, 14. desember 2020  
Tilvísun í mál: PON20110018

Til innkaupa- og framkvæmdaráðs  
Borgartúni 12-14

**Efni: Beiðni um samningskaup án undangenginnar útboðsauglýsingar, nánari greinargerð.**

Greinargerð þessi er framhald af beiðni Upplýsingatækniþjónustu Reykjavíkurborgar (UTR), sem lögð var fyrir innkaupa- og framkvæmdaráð þann 10. desember 2020.

Borgarráð hefur ákveðið að verja 10,2 milljörðum króna í stafræna umbreytingu borgarinnar á næstu 3 árum og Upplýsingatækniþjónusta Reykjavíkurborgar, innan Þjónustu- og nýsköpunarsviðs (PON), leiðir þá vinnu. Þjónusta frá Gartner veitir PON sérfræðiráðgjöf og stuðning til þess að ná þeim virðisauka sem PON og UTR er ætlað að ná. PON er einungis ársgamalt og hafa því skrifstofur sviðsins þurft að stilla saman strengi á stuttum tíma til að veita nauðsynlega þjónustu. Á þessu rúmlega eina ári hefur PON gert tvær skipulagsbreytingar og er nú í þeirri þriðju til að mæta þeim kröfum er fylgja stafrænni umbreytingu samkvæmt ákvörðun borgarráðs sem mun svo styðja við græna plan borgarinnar í að auka sjálfvirkni, minnka handvirkni og útrýma pappír.

**1. Frekari rökstuðningur fyrir því hvernig þjónustan tengist við stefnur borgarinnar**

- a. Þjónustan frá Gartner styður við Atvinnustefnu, umhverfisstefnu, þjónustustefnu og stefnu um nýtingu upplýsingatækni. Þjónustan styður UTR einnig við að starfa samkvæmt lögum og reglum, nánar tiltekið Reglur um fjárstýringu hjá Reykjavíkurborg, með að hámarka nýtingu fjármagns er veitt í upplýsingatækni, lög um persónuvernd, upplýsingalög og lög um opinber innkaup.

**2. Frekari rökstuðningur um að Gartner sé eini aðili á markaði**

- a. Gartner en eini óháði aðilinn á markaði sem getur veitt heildar sérfræðiþjónustu og ráðgjöf sem tryggir samfellu frá hugbúnaðarþróun til upplýsingatæknireksturs og þjónustu. Þau atriði sem þarf til að tryggja samfellu, og að mati UTR aðeins Gartner búi yfir faglegri og tæknilegri þekkingu til að tryggja, er uppbygging á tæknistefnum, ferli frá þróun til upplýsingatæknireksturs, hvaða verkfæri, aðferðir og hlutverk er best að nota í stafrænni umbreytingu.
- b. Gartner býr yfir stærsta gagnagrunni og flestum rannsóknum varðandi upplýsingatækni og stafræna umbreytingu sem sýnir hvert fyrirtæki, stofnanir, borgir og bæjarfélög eru að stefna varðandi upplýsingatækni og hvernig þau hafa farið að því. Hvaða áskoranir hafa komið fram og hvaða mistök hafa verið gerð, þannig náum við að tryggja að PON lærir af þeim áskorunum og fari ekki í sömu


mistökin. Í stað þess að kaupandi þurfi að leita í gríðarlegu magni af upplýsingum þá veitir Gartner þá þjónustu að leita í gagnasafni sínu og spara þannig sínum viðskiptavinum tíma við upplýsingaleit.

- c. Að öðru leyti er vísað til rökstuðnings í beiðni sem lögð var fyrir innkaupa- og framkvæmdaráð þann 10. desember.

### 3. Frekari skýring hvernig kaupandi ætlar að stuðla að því að ekki sé þörf á nýjum samning að liðnum tveimur árum

- a. UTR gerði samning við Gartner vegna sérstakra verkefna sem þurfti ráðgjöf vegna, þau verkefni voru undir útboðsmörkum. Þegar nýr upplýsingatæknistjóri tók til starfa í júní 2019 var ljóst að þörf var á miklum breytingum í tengslum við hvernig staðið var að upplýsingatæknirekstri og þjónustu. Ennfremur var lítil sem engin hugbúnaðarþróun innan borgarinnar heldur voru samningar gerðir við mismunandi fyrirtæki við hugbúnaðarþróun sem olli því að það vera engin samfella í hugbúnaðarþróun þar sem fyrirtækin notuðu mismunandi verkfæri, verklag og aðferðir við þróun sem skapaði tæknilegt flækjustigi fyrir borgina og ekkert flæði upplýsinga á milli kerfa eða aðgangsstýring.
- b. Í samvinnu við Gartner hefur UTR verið í gagngerrri umbreytingu og nú er ljóst hvað þarf að gera til að umbreyta og nú þegar er innleiðing hafin á hugbúnaðarþróunarteymum til að stytta tímann við framleiðslu virðisaukandi þjónustu. Þjónusta Gartner er þannig til þess að styðja við þá umbreytingu sem þegar er hafin og er það mat stjórnenda UTR að ekki verði þörf á frekari þjónustu Gartner eftir tvö ár. Eftir tvö ár ættu skrifstofur PON að vera orðnar vel samstilltar og hlutverk skýr sem leiða á til þess að sviðið geti veitt framúrskarandi þjónustu til annarra sviða borgarinnar í stafrænni vegferð.

F.h. þjónustu- og nýsköpunarviðs,



Friðbjörgur Bergmann

Upplýsingatæknistjóri

Upplýsingatæknipjónusta Reykjavíkurborgar